

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 20. nóvember 2019

Mál nr. S-455/2019:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristín Jónsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Kristjáni Erni Elíassyni

(Björn Þorri Viktorsson lögmaður)

Dómur

I.

Dómkröfur o.fl.:

Mál þetta, sem var dómtekið 30. október 2019, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 28. maí sama ár, á hendur Kristjáni Erni Elíassyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás með því að hafa miðvikudaginn 6. september 2017, í anddyri húsnæðis Landsbankans við Austurstræti í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], sem þar sinnti störfum sínum sem öryggisvörður, komið aftan að A, tekið hann kverkatakí að aftan og þrengt að framanverðum hálsi hans og öndunarvegi á meðan hann dró hann út úr anddyri Landsbankans að stigapalli þar fyrir utan þar sem hann kastaði A niður svo hann féll niður eitt þrep í stiganum og því næst sparkað með hægri fæti í vinstra læri A, allt með þeim afleiðingum að A hlaut bæði húðmar og húðblæðingar yfir framanverðan háls og barka, eymsli yfir barka, skrámur yfir báðum hnjám og tognunareinkenni í hálsi.

Telst [...] þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. [...], gerir Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður kröfu um að ákærða verði gert að greiða tjónþola bætur að fjárhæð kr. 800.000,- auk vaxta [samkvæmt] 8. gr. [laga] nr. 38/2001 [um vexti og verðbætur] frá tjónsdegi til þess dags er mánuður er liðinn frá dagsetningu bótakröfunnar og dráttavaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. [laganna].

Verði tjónþola ekki skipaður réttargæslumaður er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað tjónþola [samkvæmt] tímaskýrslu, auk virðisaukaskatts, sem lögð verður fram við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Krafan er gerð með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna skipaðs verjanda, samkvæmt mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði. Varðandi einkaréttarkröfu þá er þess aðallega krafist að henni verði vísað frá dómi en til vara að henni verði hafnað.

Bótakrefjandi gerir sömu kröfur um bætur og vexti og greinir í einkaréttarkröfu með ákæru en að öðru leyti gerir hann kröfu um að ákærða verði á grundvelli 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða honum kostnað vegna lögmanns samkvæmt tímaskýrslu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

II.

Málsatvik:

1.

Samkvæmt frumskýrslu, dags. 7. september 2017, var lögregla þann 6. sama mánaðar send í Landsbankann í Austurstræti vegna tilkynningar um líkamsárás. Þar fengust upplýsingar um að ákærði hefði komið inn í bankann og ráðist á öryggisvörð. B, yfirmaður öryggismála í bankanum, greindi frá því að ákærði ætti sér tiltekna sögu um samskipti við starfsmenn bankans o.fl. og lögregla hefði haft aðkomu að því. Lýsti hann yfir áhyggjum sínum um öryggi starfsmanna. Lögregla ræddi við öryggisvörð, A, sem fékk réttarstöðu brotþola við rannsókn málsins. Hann greindi frá því að ákærði hefði komið í félagi við annan mann inn í bankann með myndavél og farsíma og tekið upp myndskaið. Brotþoli hefði bent þeim á að það væri bannað og beðið þá um að fara út eða hætta upptöku. Þeir hefðu ekki orðið við því. Stefán hefði því næst tekið símann af félagi ákærða, stigið fram í forstofu bankans og boðið manningnum að fá tækið afhent þar. Ákærði hefði stokkið aftan á hann, tekið hann kyrkingartaki, snúið hann niður og sparkað í hann. Í framhaldinu hefði ákærði farið af vettvangi. Brotþoli

kenndi sér eymsla í hálsi og var honum mjög brugðið. Brotapoli leitaði sér lækniástoðar síðar sama dag.

Brotapoli gaf kæruskýrslu hjá lögreglu 12. september 2017 þar sem hann greindi frá helstu atvikum, afleiðingum o.fl. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 4. maí 2018 með réttarstöðu sakbornings en neitaði að mestu að tjá sig um atvik en staðfesti að hann o.fl. kæmu fram á haldlögðum myndupptökum úr bankaútibúinu. Sama dag gaf skýrslu vitnið C, starfsmaður í Landsbankanum. Faðir ákærða, D, neitaði að gefa skýrslu sem vitni þegar lögregla hafði samband við hann símleiðis 7. maí sama ár og gaf á því tilteknar skýringar. Þessu til viðbótar tók rannsókn lögreglu til öflunar og úrvinnslu myndupptaka, öflunar læknisfræðilegra gagna o.fl.

Einkaréttarkrafa brotþola, dags. 23. apríl 2018, barst til lögreglu 4. maí sama ár.

Með erindi til héraðssaksóknara 6. maí 2018 lagði ákærði fram kvörtun/kæru vegna starfa nánar tilgreinds rannsóknarlögreglumanns sem kom að rannsókn málsins. Nefnd um eftirlit með lögreglu lauk umfjöllun sinni um erindið með ákvörðun 2. júlí 2018. Þá fékk hluti erindisins, að því er varðar kvörtun, frekari athugun hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ákærði fékk fyrst aðgang að rannsóknargögnum málsins með bréfi lögreglustjóra 9. ágúst 2018. Þá lauk athugun lögreglustjóra á kvörtuninni að öðru leyti með bréfi 29. sama mánaðar.

2.

Meðal gagna málsins er myndupptaka með hljóði sem ákærði lagði fram, ásamt skriflegu endurriti af hljóðupptöku. Mynd- og hljóðgæði eru með besta móti. Tímallengd upptöku er ein mínúta og þrjár sekúndur. Á upptökunni sést ákærði, klæddur í rauðan jakka, standa fyrir utan inngang Landsbankans í Austurstræti. Á upptökunni horfir hann beint á upptökutækið og segir: „Jæja, ég er fyrir utan Landsbankann. Ég ætla að panta tíma hjá lögfræðingi bankans og bankastjóra.“ Gengur hann síðan upp tröppur og inn í bankann og virðist vera að handleika tæki á meðan. Myndatökumaður fylgir á eftir. Inni í anddyrinu, áður en gengið er inn í aðalsal bankans, er merki hægra megin, límt á gler í millihurð, um að myndatökur séu bannaðar. Þegar myndatökumaður fylgir ákærða eftir inn í aðalsal bankans sést maður í bláum jakkafötum standa til hliðar fyrir framan þá, fremur brosleitur, og viðhafa vingjarnlega handleggshreyfingu eins og hann sé að bjóða þá velkomna. Á sama tíma verður ráðið að myndatökumaðurinn segi með lágum rómi „takk“. Ákærði sést ganga að afgreiðsluborði þar sem brotþoli situr og er hann klæddur í svört einkennisföt með merki Securitas. Á sama tíma má sjá brotþola horfa aðallega á myndatökumanninn og rétta fram hægri handlegg í áttina að honum og gefa merki með tveimur fingrum. Þá heyrir hann segja: „Nei, ekki mynda hér inni, það er bannað að mynda.“ Brotþoli rís úr sæti, horfir áfram á myndatökumanninn með útréttan handlegginn og bendir á hann með einum

fingri. Á sama tíma heyrast ákærði segja: „Já, bíddu við. Við erum að panta tíma hjá bankastjóra.“ Á þessum hluta myndupptökunnar sést ákærði greinilega halda á hljóðnema í vinstri hendi og litlu upptökutæki í þeirri hægri. Brotapoli stendur áfram, horfir enn á myndatökumanninn, bendir á hann og segir skýrt: „Slökktu á þessu.“ Ákærði segir þá: „Við ætlum að panta tíma hjá bankastjóra.“ Brotapoli svarar: „Já, það breytir engu, það er bannað að mynda hér inni.“ Ákærði svarar á móti: „Af hverju er bannað að mynda hér inni?“ Brotapoli svarar: „Það stendur á hurðinni.“ Brotapoli færir sig nær ákærða og fram fyrir afgreiðsluborðið og á sama tíma heyrast ógreinilegt tal þeirra sem virðist efnislega vera um það hvort unnt sé að panta tíma hjá bankastjóra. Ganga þeir saman í áttina að myndatökumanninum og anddyrinu, eins og þeir séu á útleið, ákærði nær myndatökumanninum en brotapoli fjær honum. Á sama tíma heyrast þeir tala saman og segir ákærði: „Af hverju kemur enginn að tala við mig?“ Brotapoli svarar: „Ja, það bara fer sína leið, þú hefur sótt um það og það hefur ekki verið svarað.“ Ákærði svarar: „Já, af hverju hefur mér ekki verið svarað?“ Þá sést brotapoli nálgast myndatökumanninn, horfa beint á hann, rétta fram hægri höndina í áttina að honum og taka síðan myndupptökutækið af honum. Á sama tíma rofnar myndupptakan.

3.

Myndupptökur o.fl. frá 6. september 2017 úr öryggismyndavélakerfi bankans eru einnig á meðal gagna málsins. Upptökurnar eru í lit, án hljóðs og myndgæði eru með besta móti. Sjónsvið eru á ská ofan frá og eru dagsetning og klukkustillingar á upptökum. Ekki er ágreiningur um hverjir sjást á upptökunum.

Á myndskeiði nr. 1, tekið upp á tímabilinu kl. 13:58:54 til kl. 13:59:42, má sjá brotapola sem öryggisvörð við þjónustuborð í afgreiðslu bankans þegar tveir menn koma að borðinu. Annar maðurinn, ákærði, heldur á því sem virðist vera hljóðnemi og upptökutæki. Á eftir honum kemur eldri maður, D, og sést hann halda á upptökutæki og virðist hann vera að taka upp samskipti á milli brotapola og ákærða. Á myndskeiðinu má svo sjá hvar brotapoli tekur upptökutækið af D og gengur fram í anddyri bankans. Þá má sjá ákærða rétta D hljóðnemann og hraða sér á eftir brotapola á leið út úr bankanum.

Á myndskeiði nr. 2, tekið upp á tímabilinu frá kl. 13:59:31 til kl. 13:59:42, má sjá brotapola ganga fram í anddyri bankans á útleið og síðan hvar ákærði kemur aftan að honum og grípur með hægri hendi um hægri öxl hans og með vinstri hendi um vinstri upphandlegginn á honum. Því næst ýtir ákærði á brotapola. Brotapoli sést reyna að koma í veg fyrir að ákærði nái að ýta sér út úr anddyrinu og þá sést ákærði taka um háls hans með hægri handlegg þannig að hálsinn er í hægri olnbogabót ákærða. Ákærði sést síðan taka um hægri hönd sína með vinstri hendi og snúa brotapola niður. Þá má sjá D í anddyrinu halda á hljóðnema og upptökutæki.

Á myndskaiði nr. 3, tekið upp á tímabilinu frá kl. 13:59:31 til kl. 14:00:02, sést það sama og á myndskaiði nr. 2. Þó sést betur að brotþoli heldur á upptökutækinu og missir það á jörðina. Um leið sést D taka tækið upp. Einnig sést brotþoli reyna að losa hálstakið og falla í átökunum niður tröppur fyrir utan bankann. D sést fylgjast með án þess að aðhafast nokkuð. Einnig sést ákærði ýta við brotþola með hægri fæti, hlaupa síðan niður tröppurnar og ræða stuttlega við vegfaranda. D sést svo ganga rólega út eftir atvikið.

Á myndskaiði nr. 4, tekið upp á tímabilinu frá kl. 13:59:35 til kl. 14:00:05, sést ákærði halda utan um háls brotþola með hægri hendi og draga hann út á dyrapallinn. Á meðan sést brotþoli reyna að losa sig með hægri hendi og styðja sig við dyrapallinn með vinstri hendi. Sjá má brotþola ítrekað reyna að losa hálstakið en ákærði sleppir ekki og ýtir brotþola til þannig að hann fellur niður á tröppurnar. Síðan sést ákærði ýta með hægri fæti í vinstra læri brotþola og stjaka við honum. Ákærði hleypur niður á neðstu tröppuna og stendur þar eftir atvikið. D gengur út úr bankanum og heldur á því sem virðist vera farsími í hægri hendi og hljóðnema og upptökutæki í vinstri hendi. Síðan sjást mennirnir tveir ganga á brott.

4.

Í vottorði E, sérfræðings í heimilislækningum, dags. 20. nóvember 2017, greinir að brotþoli hafi þann 6. september sama ár leitað á bráðamóttöku Landspítalans í framhaldi af meintri líkamsárás. Brotþoli hafi við skoðun verið rólegur og yfirvegaður en honum hafi greinilega verið brugðið og hann miður sín. Meðvitund hafi verið eðlileg og frásögn skýr. Brotþoli hafi verið með töluvert húðmar og ferskar húðblæðingar yfir framanverðum hálsi og barka. Hann hafi talað eðlilega og ekki verið með áberandi hæsi. Þá hafi hann kyngt eðlilega, hálsskoðun hafi verið eðlileg, hreyfingar í hálsi góðar en aðeins stíðar aftanvert við fullar hreyfingar. Brotþoli hafi verið með grunnt mar yfir báðum hjánum framanvert og skrapsár. Að öðru leyti hafi liðskoðun verið eðlileg og ekki merki um dýpri áverka eða brot, auk þess sem brjóstkassi og lungnahlustun hafi verið eðlileg. Brotþoli hafi ekki verið með aðra áverka.

Í samantekt vottorðs er meðal annars tekið fram að brotþoli hafi verið tekinn föstu hálstaki þar sem hert hafi verið verulega að hálsi þar til lá við meðvitundarleysi vegna skorts á súrefni til heila og eðlilegs blóðflæðis. Brotþoli hafi jafnað sig fljótt af þessu en verið með eymsli yfir barka án dýpri blæðinga eða bólgueinkenna. Hann hafi verið með tognunareinkenni í hálsi, mar yfir hjánum og eymsli yfir hnéskeljum. Áverkar hafi bent til alvarlegrar líkamsárásar sem hefði getað endað illa vegna alvarlegrar herðingar að framanverðum hálsi. Barki hefði getað laskast verulega og hætta

verið á alvarlegri köfnun. Brotapola hafi verið boðin áfallahjálp sem hann hafi afpakkað við fyrstu komu. Þá fylgja vottorðinu ljósmyndir af ytri áverkum brotapola.

5.

Meðal gagna er matsgerð F, réttarmeinafræðings við Landspítalann, dags. 14. mars 2019, sem lögregla aflaði undir rannsókn málsins. Í beiðni lögreglu var óskað eftir mati á áverkum brotapola og „hvaða afleiðingar hefðu orðið hefði háttseminni verið haldið áfram af hálfu sakbornings“. Þar greinir meðal annars að stuðst hafi verið við framangreindar ljósmyndir, læknisvottorð og myndupptökur úr Landsbankanum. Niðurstaða matsgerðar tilgreinir að áverkar og ummerki brotapola hafi verið mar á hálsi og skrámur á báðum hnjám.

Um tilurð áverka greinir meðal annars að útlit á mari á hálsi bendi sterklega til þess að það hafi orðið til við sljóan kraft í formi þrýstings eða klemmu á húð hálsins og við umlykjandi eða klemmandi kraft gagnvart hálsinum. Þá var útlit marsins á hálsi talið samrýmast því fyllilega að það hefði orðið til við hálstak sem sæist á myndupptökum. Um skrámur á hnjám greinir að útlit þeirra bendi sterklega til þess að þær hafi orðið til við sljóan kraft í formi skröpunar gagnvart hörðu og óreglulegu eða stömu yfirborði. Þá var útlit skrámanna talið samrýmast því fyllilega að þær hefðu orðið til við árásina sem sæist á myndupptökum. Um aldur áverkanna var talið að þeir hefðu átt sér stað 6. september 2017. Um alvarleika áverkanna greinir að þeir hafi ekki verið lífshættulegir og að þess megi vænta að þeir grói án langvarandi líkamlegra meina.

Í athugasemdum með niðurstöðunni greinir að áverkar á hálsi brotapola og hreyfimyndir vitni um að brotapoli hafi verið tekinn hálstaki með armi gerandans. Hálstakið hafi varað í átta sekúndur og á meðan hafi brotapoli verið með meðvitund. Hálstakið hafi því ekki sett brotapola í lífshættulegt ástand. Þá greinir að ef kröftuglegu hálstaki með armi sé haldið í lengri tíma leiði það til vaxandi skerðingar á blóðflæði til heilans og oftast til vaxandi bláæðablóðþrýstings í höfðinu. Leiði þetta til meðvitundarmissis og eftir atvikum dílablæðinga í slímhúðum augna, munns og/eða andlitshúð. Meðvitundarmissirinn verði vegna hinnar miklu og stöðugu súrefnisþarfar heilans sem ekki sé uppfyllt þegar þrýstikraftur verki á hálsinn. Ef meðvitundarmissirinn vari í lengri tíma muni viðkomandi ekki vakna til meðvitundar hjálparlaust, þótt takinu sé sleppt, og síðan deyja. Hvar þessi tímapunktur (e. point of no return) sé staðsettur í kyrkingarferlinu sé erfitt að segja til um í stöku tilfelli.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Ákærði neitar sök. Hann lýsti atvikum með þeim hætti að hann hefði umræddan dag átt erindi í Landsbankann í Austurstræti. Faðir ákærða, D, hefði verið með honum. Tilefnið hefði verið að reyna að fá viðtal við bankastjóra og yfirlögfræðing bankans. Þeir hefðu farið inn í bankann og að borði í móttöku. D hefði haldið á farsíma í eigu ákærða og notað hann til myndupptöku. Ákærði hefði á sama tíma haldið á GoPro myndavél og hljóðnema. Ákærði hefði talað við brotþola og óskað eftir fyrrgreindu viðtali. Brotþoli hefði staðið upp, fært sig fram fyrir móttökuborð og byrjað að ganga með þeim í átt að anddyri og í raun verið að vísa þeim út. Samhliða hefði ákærði og brotþoli átt í orðaskiptum varðandi viðtal við bankastjóra o.fl. Þegar nokkur skref voru eftir á leiðinni út hefði brotþoli gengið fram fyrir ákærða, hrifsað farsímann af D og gengið eða hlaupið með tækið í átt að anddyrinu.

Ákærði hefði að minnsta kosti tvisvar beðið brotþola um að skila farsímanum en án árangurs. Þá hefði hann horft á brotþola vera farinn að eiga við tækið eða gögn í því. Tækið hefði verið verðmætt og í því hefðu verið afar mikilvæg gögn fyrir ákærða um samskipti hans við Landsbankann o.fl. Ákærði hefði ekki átt afrit af gögnunum og haft áhyggjur af því að þau glötuðust eða kæmust í vörslur bankans. Hann hefði því reynt að bregðast við því. Ásetningur hans hefði ekki staðið til þess að ráðast á brotþola eða hafa í frammi ólögmaðar aðgerðir. Hann hefði hins vegar talið sig þurfa að endurheimta lögvarða eign sína og varna því að fyrrgreind gögn glötuðust. Ákærði hefði því tekið skyndiákvörðun um að beita líkamlegu valdi þegar hann sá að brotþoli ætlaði ekki að skila tækinu og hann hefði auk þess verið að eiga við það. Honum hefði verið brugðið en hann hefði verið rólegur og yfirvegaður, eins og áður. Þá hefði hann gengið hreint til verks. Ákærði tók fram að honum væri eðlislægt að verja sig en hann leitaði ekki í það að stofna til eða vera í áflogum. Ákærði kannaðist ekki við það að brotþoli hefði svarað beiðnum hans varðandi símann á þá leið að tækið yrði afhent fyrir utan eða að það hefði að öðru leyti komið fram í samskiptum þeirra.

Ákærði bar um að hann hefði komið aftan að brotþola, tekið hann hálstaki, snúið hann niður og sagt honum að sleppa farsímanum. Eftir örfáar sekúndur hefði brotþoli kastað símanum frá sér. Ákærði hefði þá sagt við brotþola að hann ætti að vera rólegur og að hann ætlaði að sleppa honum. Brotþoli hefði barist um og ákærði dregið hann út fyrir dyrnar. Ákærði hefði sleppt brotþola fyrir utan og ýtt eða spyrrt við honum með fætinum þar sem hann hefði haldið að hann ætlaði að ráðast á sig, og hann síðan fært sig til hliðar. Ekki hefði verið um að ræða spark. Ákærði hefði því næst hraðað sér niður tröppurnar en brotþoli farið inn í bankann. Ákærði tók fram að hann

gæti ekki séð hvernig hann hefði átt að bregðast öðruvísi við með því að beita vægari aðferðum. Hann hefði verið búinn að reyna að fá símann áður með fyrrgreindum beiðnum. Brotapoli væri stór maður og ákærði kvaðst vera þess fullviss að hann hefði ekki skaðað hann. Ákærði hefði hins vegar ekki leitt hugann að því hvort hann hefði teppt öndunarveginn. Væntanlega hefði hann þrengt að hálsinum en hann hefði ekki orðið var við að brotapoli ætti erfitt með að anda. Um hefði verið að ræða hálstak í örfáar sekúndur. Þá hefði takinu verið sleppt þegar síminn var látinn af hendi. Ákærði tók hins vegar fram að ef síminn hefði ekki verið látinn af hendi þá hefði hann engu að síður sleppt takinu síðar. Ef þannig hefði háttað til, sem var ekki í reynd, hefði hann sjálfur hlutast til um að kalla á lögreglu til að endurheimta símann.

Ákærði tók fram að hann hefði áður komið í bankann og gott hefði verið milli hans og brotapola. Brotapoli hefði hins vegar umræddan dag virst vera nokkuð æstur eða í ójafnvægi við það að vera í myndupptöku. Þá hefðu samskipti hans við ákærða og D farið úr böndunum. Ákærða hefði ekki verið kunnugt um að bannað væri að taka myndir í bankanum og hann hefði ekki áður tekið myndir þar inni. Ákærði hefði fyrst áttað sig á banninu þegar brotapoli beindi orðum sínum að föður ákærða og bannaði honum að mynda. Það hefði hann gert tvisvar eða þrisvar sinnum. D hefði hins vegar haldið áfram að mynda. Tilgangurinn með myndatökunni hefði verið að tryggja sönnun um samskipti hans við bankann o.fl. Tilefnið hefði verið út af því sem á undan hefði gengið í samskiptum við bankann o.fl. Brotapoli hefði sagt þeim að slökkva á myndupptöku og ákærði orðið við því og slökkt á GoPro myndavélinni sem hann var með. Þá hefði ákærði aldrei í ferlinu beint vélinni að brotapola. Sæist það vel á myndupptöku. Ákærði kvaðst eiga erfitt með að skilja hvers vegna brotapoli hefði talið sig þurfa að hrifsa símann af D með þeim hætti sem gert var í stað þess að framfylgja þeirri ætlun sinni að fylgja þeim út úr bankanum. D faðir hans væri [...] o.fl. og ætti það til að missa jafnvægið. Þetta hefði gerst mjög skyndilega og ákærði hefði haft áhyggjur af föður sínum og ekki vitað hvort brotapoli væri að ráðast á hann. Ákærði hefði reynt að fara á milli og stöðva brotapola í því að taka símann. Brotapoli hefði hins vegar náð tækinu til sín með fyrrgreindum hætti.

Ákærði tók fram að honum þætti mjög leiðinlegt að atvik hefðu þróast með þeim hætti sem reyndin varð. Ákærði hefði, eins og áður, verið að aðstoða föður sinn vegna lögskipta hans við bankann o.fl. í tengslum við nauðungarsölu nokkrum árum áður á jörðinni [...] sem væri stór jörð með vatnsréttindum. Faðir hans hefði misst frá sér jörðina vegna meintrar valdniðslu sýslumanns o.fl. Þá hefði bankinn komið illa fram við föður hans í því sambandi, meðal annars haldið frá honum mikilvægum gögnum svo að ekki hefði reynt unnt að bera lögsmæti nauðungarsölunnar undir dómstóla. Þessu til viðbótar hefði gengið mjög illa að eiga samskipti við bankann, ræða við

stjórnendur o.fl. Ákærði hefði komið að þessum málum með bréfaskiptum o.fl. og þau legið þungt á fjölskyldunni í langan tíma.

2.

Brotapoli upplýsti að hann hefði ekki kynnt sér myndefni af umræddum atvikum. Atvikunum lýsti hann með þeim hætti að hann hefði verið við störf í móttöku Landsbankans í Austurstræti. Ákærði og annar maður í fylgd með honum hefðu komið inn í bankann. Maðurinn sem fylgdi ákærða hefði haldið á síma og verið að nota hann sem myndupptökutæki. Þá hefði ákærði verið með hljóðnema. Ákærði hefði beðið um fund með bankastjóra en ekki hefði verið unnt að verða við því. Brotapoli hefði beðið mennina um að hætta að mynda en þeir hefðu ekki orðið við því. Hann hefði farið fram fyrir móttökuborðið og sagt manningnum að hætta að taka upp. Hann hefði síðan tekið upptökutækið af manningnum þar sem hann hætti ekki að taka upp þrátt fyrir að vera beðinn um það. Ákærði hefði óskað eftir því að hann skilaði tækinu og hann hefði svarað því að þeir fengju tækið úti á tröppum eða fyrir utan bankann. Jafnframt hefði hann á leið út með tækið reynt að slökkva á því með því að ýta á takka.

Ákærði hefði þá ráðist aftan á brotapolu. Fyrst með því að rífa í öxlina og höndina á honum og síðan með því að taka hann hálstaki með handlegg og snúa hann niður. Ákærði hefði beitt aflsmunum, hert að hálsinum og brotapoli fundið fyrir andþrengslum. Hann hefði verið í andnað og tækið hefði líklega náð til kverka. Átök milli þeirra hefðu borist út á tröppur. Þegar út var komið hefði hann verið farinn að sjá svart og missa mátt. Honum hefði fundist eins og fótur kæmi við hnésbótina á honum þegar hann datt niður og hann hefði fundið fyrir höggi á hné. Hann gæti hins vegar ekki fullyrt hvort um hefði verið að ræða spark eða högg sem kom við það að lenda á hörðum tröppunum. Hann hefði næst munað eftir sér þegar hann fór aftur inn. Hann hefði þá verið ringlaður og beðið starfsmann um að hringja á lögreglu. Lögregla hefði komið stuttu síðar á staðinn og rætt við hann.

Brotapoli hefði síðar sama dag leitað á bráðamóttöku Landspítalans. Hann hefði fengið mar og hnykk á háls, mar og sár á hné og þá hefði honum ekki liðið vel eftir þetta. Hann hefði verið máttfarinn og verið frá vinnu í tíu daga eftir atvikið. Hann hefði verið farinn að hugsa um að hann væri að deyja þegar hann sá svart. Í því sambandi tók brotapoli fram að hann hefði áður lent í því að missa meðvitund vegna slyss. Atvikið hefði haft neikvæð áhrif á andlega líðan hans. Þá hefði hann leitað til sálfræðings í tíu skipti að höfðu samráði við vinnuveitanda. Það hefði hjálpað honum mikið. Bótakrafa hans tæki meðal annars mið af andlegri vanlíðan. Þá lægi auk þess ekki fyrir hvort hann þyrfti að bera kostnað af sálfræðiviðtölum.

Brotapoli sagðist ekki þekkja ákærða eða hafa verið í sérstökum samskiptum við hann áður. Hann hefði hins vegar séð hann áður koma í bankann og hann þekkt til

samskipta hans hjá bankanum. Starfsfélagar hans hefðu áður verið búnir að lenda í því að ákærði kæmi í bankann til að taka upp. Myndupptökur væru bannaðar þar inni samkvæmt reglum bankans. Greinilegar merkingar um myndatökubann væru á hurð þegar komið væri inn í bankann. Verklagsreglur kvæðu ekki sérstaklega á um hvernig bregðast ætti við ef brotið væri gegn myndatökubanni að öðru leyti en því að biðja ætti viðkomandi um að hætta að taka myndir og ef ekki væri orðið við því ætti að vísa viðkomandi út. Kalla ætti til lögreglu ef ekki gengi að leysa mál með góðu. Almenn skynsemi réði því hvernig brugðist væri við og gæta ætti meðalhófs.

Brotapoli sagðist hafa verið í góðu andlegu jafnvægi þegar mennirnir komu inn í bankann. Hann hefði sagt við þá að það væri bannað að taka upp í bankanum. Hann hefði örugglega komið þeirri beiðni á framfæri tvisvar sinnum og maðurinn með upp-tökutækið hefði örugglega heyrt í honum. Brotapoli hefði talið sig vera að gera rétt í umrætt skipti en hann hefði ekki hugleitt það sérstaklega hvort hann gæti framfylgt banninu með vægari hætti. Hann hefði talið nauðsynlegt að bregðast við eins og hann gerði. Hann hefði ekki talið að um væri að ræða valdbeitingu. Hann hefði eingöngu verið að taka upptökutækið af manningum þar sem hann hefði ekki hætt að taka upp þrátt fyrir að vera beðinn um það. Brotapoli hefði þekkt til ákærða hjá bankanum frá öðrum starfsmönnum eða öryggisvörðum og því ekki talið að önnur eða vægari aðferð kæmi að gagni. Hann hefði lagt mennina tvo að jöfnu í því sambandi. Um hefði verið að ræða augnabliksákvörðun hjá honum um að taka tækið af manningum eftir að hafa beðið hann um að hætta að mynda, en eflaust hefði verið unnt að vísa mönnum út án þess að taka tækið af þeim. Nánar aðspurður um hagsmunamat varðandi það að stöðva upptöku með þeim hætti sem gert var, í stað þess að beita vægari aðferð, vísaði brotapoli til þess að aðrir sem hann vissi um hefðu reynslu af því að birtar væru myndupptökur af þeim á vefmiðlum eftir samskipti við ákærða. Brotapoli hefði ekki kært sig um slíkt og hann talið sig vera í almennum rétti til að stöðva myndupptöku sem hann kærði sig ekki um.

3.

D, faðir ákærða, lýsti atvikum með þeim hætti að hann og ákærði hefðu átt leið í bankann umræddan dag. Ætlunin hefði verið að fá viðtal við lögmann bankans eða bankastjóra út af tiltekinni nauðungarsölu. Þeir hefðu áður verið búnir að reyna að fá viðtal en án árangurs. Fyrir þeim hefði ekki vakað að beita valdi eða gera neitt sem væri í andstöðu við reglur. Þeir hefðu alltaf komið fram af kurteisi í bankanum en ekki mætt því sama á móti.

D hefði fylgt ákærða inn í bankann, haldið á farsíma og tekið upp mynd með hljóði. Ákærði hefði gengið að afgreiðsluborði. Á leiðinni inn hefði maður komið á móti þeim. Hann hefði veifað til þeirra og D hefði á þeim tíma talið að hann væri

öryggisvörður. Það hefði hins vegar skýrst síðar og reynst vera misskilningur. Maðurinn hefði líklega verið viðskiptavinur í bankanum. Öryggisvörður hefði stuttu síðar gengið með ákærða fram í áttina að D. Ákærði hefði verið nær D en öryggisvörðurinn fjær. D hefði ekki orðið var við að öryggisvörðurinn segði neitt. D hefði ætlað að snúa sér við og mynda þá á leið út. Öryggisvörðurinn hefði þá skyndilega stokkið fram og rifið af honum farsímamann. D hefði upplifað það eins og kjaftshögg. Nánar aðspurður útskýrði D það þannig að hann hefði verið að einbeita sér að því að horfa á símann og skyndilega séð hendina koma eins og hnefahögg. Hann hefði frosið, orðið gjörsamlega máttlaus og ekki heyrt það sem öryggisvörðurinn sagði. Þá hefði honum fundist eins og hann væri að detta aftur á bak á hart gólfið. Honum hefði fundist sem hann gæti ekki hreyft fæturna eða komið við neinum vörnum. Þá fannst honum eins og öryggisvörðurinn horfði á sig til að meta hvort hann dytti eða ekki, eða hann hefði upplifað það þannig. Nánar aðspurður sagði D að hann þyrfti sérstaklega að gæta sín í hreyfingum. [...].

Ákærði hefði rétt D hljóðnema, snúið við, gengið á eftir öryggisverðinum og beðið hann um að skila símanum. D hefði fylgt þeim eftir og séð ákærða ráðast aftan á öryggisvörðinn og taka hann höfuðtaki eða hálstaki, auk þess sem einhverjar stymplingar hefðu átt sér stað. Ákærði hefði ráðist á öryggisvörðinn til að ná af honum símanum. Ákærði hefði dregið öryggisvörðinn áfram og ekki sleppt höfuð- eða háls-takinu fyrr en hann var kominn út fyrir og vörðurinn sleppti símanum. Öryggisvörðurinn hefði á meðan sparkað og spyrnt frá sér og reynt að losa sig. Ákærði hefði margsinnis sagt öryggisverðinum að sleppa símanum og kallað eitthvað á þá leið að þá ætlaði hann að sleppa honum. D hefði ekki orðið þess áskynja að brotþoli væri í andnauð. Öryggisvörðurinn hefði látið símann detta eða hent honum frá sér. D hefði þá tekið upp símann. Á sama tíma hefði ákærði verið að biðja öryggisvörðinn um að róa sig niður. Öryggisvörðurinn hefði síðan staðið upp og flýtt sér inn í bankann.

Nánar aðspurður kannaðist D ekki við að ákærði hefði sparkað í öryggisvörðinn. Ákærði hefði hins vegar ýtt verðinum frá sér með fætinum þegar hann var að losa sig frá honum. Ákærði hefði ekki getað beitt vægari aðferðum þar sem öryggisvörðurinn hefði ekki viljað sleppa símanum og hefði virst vera að fikta í honum. Tilgangurinn með þessu hefði verið sá að ná símanum til baka og koma í veg fyrir að gögnum í honum væri eytt. D sagðist ekki hafa séð eða tekið eftir hvort öryggisvörðurinn hefði bannað honum að taka upp myndir í aðdraganda atvika. Þá hefði honum ekki verið kunnugt um að bannað væri að taka myndir í bankanum. Honum hefði hins vegar verið kunnugt um það eftir á. Tilgangurinn með myndatökunni hefði verið að tryggja sönnun en þeir hefðu verið búnir að koma oft áður í bankann út af sama málinu en án árangurs.

4.

C, starfsmaður bankaútibúsins, kvaðst hafa verið á leið í hraðbanka í anddyri útibúsins þegar brotapolí kom á móti henni og bað hana að hringja í lögreglu eða lána honum símann sinn. Brotapolí hefði verið reiður og í uppnámi og talað um að ráðist hefði verið á sig. Hann hefði síðan tekið við símanum og talað við lögreglu. C hefði hins vegar ekki orðið vitni að meintri líkamsárás.

5.

B, yfirmaður öryggismála Landsbankans hf. o.fl., kvaðst hafa verið við störf umræddan dag í bankaútibúinu en ekki orðið vitni að atvikum. B hefði komið að atvikum eftir á og verið í samskiptum við lögreglu. Hann hefði afhent lögreglu upptökur úr bankanum vegna rannsóknar málsins. B hefði hitt brotapolá eftir meinta líkamsárás en ekki séð áverka á honum. Brotapolí hefði verið í áfalli, líkt og B hefði séð áður í ránsmálum hjá bankanum. Lögfræðideild Landsbankans hf. hefði áður verið búin að beina kæru til lögreglu út af ákærða vegna annarra meintra atvika í tengslum við tiltekna starfsmenn bankans. Brotapolí væri öryggisvörður og starfsmaður Securitas en með fasta viðveru í útibúi bankans í Austurstræti. B gerði nánari grein fyrir fyrirkomulagi á fastri öryggisgæslu í bankaútibúinu, boðvaldi, verklagi o.fl. Í því sambandi kom meðal annars fram að ekki væri ætlast til þess að öryggisverðir í bankanum kæmu að líkamlegri valdbeitingu. Almenna reglan væri sú að þeir ættu að leitast við að greiða úr málum sem upp kynnu að koma í góðu. Forðast ætti átök eins og hægt væri og ef eitthvað kæmi upp á ætti að kalla til lögreglu. Í bankanum væru viðbragðsáætlanir og námskeið um öryggismál fyrir öryggisverði o.fl. Merkingar um myndatökubann væru sýnilegar í bankaútibúum. Tilgangur með slíku banni væri sá að vernda viðskiptavinum bankans, nánar tiltekið svo að þeir þyrftu ekki að sæta því að vera í myndatöku þegar þeir sinntu bankaviðskiptum. Þá væri myndatökubann einnig í öryggisskyni. Ef brotið væri gegn myndatökubanni væru starfsreglur bankans á þá leið að starfsmaður ætti að biðja viðkomandi að hætta myndatöku. Ekki væru hins vegar til sérstakar skriflegar reglur um það hvernig ætti að bregðast nákvæmlega við ef sá sem tæki myndir léti ekki segjast og héldi myndatöku áfram. Almenn tætti þá að reyna að vísa viðkomandi út en gengi það ekki ætti að kalla til lögreglu, svo sem ef menn vildu ekki fara út, sýndu mótþróa o.fl. Öryggisverðir beittu almennt ekki valdi og svo hefði almennt ekki verið í gegnum tíðina hjá bankanum, og þá ættu þeir að gæta hófsemi. Valdbeiting öryggisvarðar ætti aðeins við í sérstökum aðstæðum, svo sem vegna árásar. Brotapolí hefði starfað lengi í bankanum sem öryggisvörður en bankinn hefði ekki farið sérstaklega yfir umrætt atvik eða greint það. Securitas, sem vinnuveitandi brotapolá, hefði tekið við málinu. Almenn stefna bankans í þessu sambandi væri sú að það væri annarra að fara yfir atvik af þessum toga og leggja mat

á þau. Þá væri það almenna reglan í bankanum að starfsmenn sem lentu í atvikum af þessum toga yrðu sjálfir að beina kæru til lögreglu vildu þeir fylgja málum eftir.

6.

Rannsóknarlögreglumaður nr. 0621 gerði grein fyrir aðkomu sinni að málinu og rannsókn þess. Málinu hefði verið úthlutað til hans um átta mánuðum eftir atvik. Framhaldsrannsókn hefði þá hafist. Gerði hann grein fyrir skýrslutöku af sakborningi og aðdraganda hennar. Rannsóknarlögreglumaðurinn hefði aflað og unnið úr öðrum rannsóknargögnum. Ekki hefði verið tilefni til að taka skýrslur af fleiri vitnum. Einkum hefði verið stuðst við myndupptökur úr bankanum við rannsóknina, þær væru í nokkrum hlutum en sýndu vel atvik í heild sinni og þá menn sem hlut áttu að máli. Varðandi rannsóknina taldi rannsóknarlögreglumaðurinn að gætt hefði verið hlutlægnisskyldu lögreglu samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Þá kannaðist rannsóknarlögreglumaðurinn við kvörtun ákærða til nefndar um eftirlit með lögreglu vegna starfa hans við rannsóknina. Rannsóknarlögreglumaðurinn bar um að ekki hefði verið talin þörf á því að athuga eða kalla eftir reglum bankans eða öryggisgæslufyrirtækis um bann við myndatöku. Vísaði rannsóknarlögreglumaðurinn til þess að hann hefði farið í bankann til að skoða aðstæður. Þar hefði verið merking um bann við myndupptökum, auk þess sem fjarskiptalög tækju til banns við myndatökum o.fl. og persónuverndarlög tækju til birtingar á myndefni o.fl. Ekki hefði verið talin þörf á því að kalla eftir reglum bankans eða Securitas sem lutu að háttsemi brotþola er hann tók símann af föður ákærða í aðdraganda meintrar líkamsárásar. Því til skýringar vísaði rannsóknarlögreglumaðurinn til þess að ekki yrði séð að það hefði verið gert á harkalegan hátt. Þessu til viðbótar gerði rannsóknarlögreglumaðurinn grein fyrir öflun matsgerðar og tilgangi þeirrar gagnaöflunar o.fl.

7.

E, sérfræðingur í heimilislækningum, gaf skýrslu símleiddis og gerði grein fyrir læknisskoðun brotþola þann 6. september 2017 á bráðamóttöku Landspítalans og læknisvottorði, dags. 20. nóvember sama ár. E bar meðal annars um að hafa skoðað brotþola stuttu eftir hina meintu líkamsárás, honum hefði verið mjög brugðið og hann verið með töluverða áverka. E hefði einnig brugðið við að sjá áverka á hálsi brotþola og einnig að heyra lýsingu hans á því að hann hefði verið nærri kafnaður við hálstak. Töluvert mar hefði verið á hálsi og jafnframt punktblæðingar og mætti sjá þær á ljósmyndum með vottorði. Þetta benti til mikillar áreynslu samhliða hertu taki. Þá hefðu einnig verið áverkar eða mar á hnjúnum. Áverkar hefðu passað við frásögn brotþola um að stokkið hefði verið á hann aftan frá svo að hann féll á gólfið og að hann hefði verið tekinn hálstaki. Brotþoli hefði verið með húðblæðingar og húðmar yfir

framanverðum hálsi og barka, verið aumur yfir barkakýli o.fl. Brotapoli hefði upplifað köfnun eða mikla köfnunartilfinningu. Þá hefði hann einnig verið með punktblæðingar og það sæist á ljósmyndum en væri ekki sérstaklega tilgreint í vottorði. Nánar tiltekið væri um að ræða hluta af maráverka og slíkar blæðingar kæmu oft í tengslum við háráðablæðingar við mikinn þrýsting eftir tak eða nær köfnun eða andþyngsli. Punktblæðingarnar staðfesti mikil átök eða þrýsting á hálsinn. E staðfesti áverkalýsingar og önnur efnisatriði vottorðs en gat aðspurður ekki sérstaklega skýrt einstök atriði í matsgerð réttarmeinafræðings sem ekki virtust samrýmast fyllilega fyrrgreindu læknisvottorði. Í því sambandi vísaði E til fyrrgreindrar læknisskoðunar, efnis vottorðsins og ljósmynda með því.

8.

F réttarmeinafræðingur gerði grein fyrir og staðfesti matsgerð, dags. 14. mars 2019. Í framburði F kom meðal annars fram að allir áverkar á brotapolu hefðu orðið til fyrir sljóan kraft. Mar á hálsi hafi orðið til fyrir þrýsting og bendi til þess að umlykjandi eða klemmandi krafti hafi verið beitt gagnvart hálsinum. Áverkar á hnjám hafi orðið til fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gagnvart hörðu og óreglulegu yfirborði. Áverkarnir á hálsi og hnjám samrýmist fyllilega atvikum eins og þau komi fram á myndupptökum. Þeir hafi verið ferskir og ekkert mæli gegn því að þeir hafi orðið til 6. september 2017. Áverkarnir hafi hins vegar ekki verið lífshættulegir. Ekkert mar hafi sést á hnjám þótt þess hafi verið getið í áverkavottorði. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um hvort dílablæðingar hafi sést í slímhúð augna, andliti o.fl. Aðspurður bar F um að ekki væri unnt að sjá slíka blæðingu á ljósmynd af hálsi enda væri ekki verið að leita að slíkri blæðingu á þeim hluta líkamans.

Hvað varðar matsspurningu um „hvaða afleiðingar hefðu orðið hefði háttseminni verið haldið áfram af hálfu sakbornings“ og að engin „ytri mörk“ væru á matsspurningu vísar F til þess að það væri ekki alltaf sem lögregla setti fram slíkar sértækar spurningar. Það kæmi þó fyrir í sakamáli þar sem til rannsóknar væri meint kyrkingar- eða hálstak. Þegar þannig standi á leitist lögregla við að fá fleiri fræðilegar útskýringar á hugsanlegum afleiðingum. Réttarmeinafræðingur reyni þá að svara því á fræðilegan hátt út frá almennri þekkingu um fyrirbærið.

Hvað varðar meintar punktblæðingar á hálsi brotapola, sbr. ljósmynd og fyrrgreinda skýrslu vitnisins E læknis fyrir dómi, þá væri að mati F ekkert í málsgögnum sem styddi að slíkar blæðingar hefðu verið á hálsi brotapola. Áverki á hálsi hefði verið svokallað „leðurhúðarmar“. Slíkt mar hefði dæmigerða staðsetningu og útlit ef maður væri tekinn hálstaki aftan frá með handlegg, klemma verði á sitthvorri hlið hálsins, húðin fellist fram í miðlínu og þá myndist mar af þessum toga.

Hvað varðar „kverkatak“, sbr. verknaðarlýsingu í ákæru, þá bar F um að það væri ekki vísindalegt hugtak. Það styddi hins vegar að þrýstingur hefði orðið gagnvart hálsinum sem hefði mætt honum á báðum hliðum og að það hefði orðið felling á húðinni í miðlínunni, sbr. fyrrgreint leðurhúðarmar. Slíkt sé vel þekkt varðandi tak sem framkvæmt sé með handlegg þar sem háls fer inn í olnbogabótina hjá þeim sem stendur fyrir aftan og sé dæmigert á sinn hátt fyrir það en ekki sértækt.

Hvað varðar þrengingu á öndunarvegi þá sé ekkert í gögnum sem styðji það. Ekki sé hins vegar unnt að útiloka að einhvers konar hindrun í öndun hafi átt sér stað en það liggja ekki beint við út frá málgögnum. Hafi brotaþoli verið farinn að „sjá svart“ þá gæti það hins vegar vel passað við það ef tak af þessum toga þrengdi að æðum á hálsi. Það gæti leitt til blóðflæðistruflunar. Meiri kraft þurfi hins vegar til þess að hindra öndunarveg.

IV.

Niðurstöður:

1.

Í máli þessu liggur fyrir að reglur Landsbankans hf. heimila ekki myndatökur inni í bankaútibúum. Samkvæmt framburði vitnisins B er tilgangur með banninu að gæta að hagsmunum viðskiptavina bankans, sbr. ákvæði laga um bankaleynd. Þessu til viðbótar liggur fyrir að öryggi bankans sem fjármálastofnunar liggur til grundvallar banninu. Upplýsingum um bannið er komið á framfæri með almennum hætti með merkingum í bankaútibúum. Af framangreindu verður ráðið að bannið sé almennt, það byggja á málefnalegum sjónarmiðum vegna eðlis starfseminnar og það sé reist á reglum um bankaleynd og eignarréttarlegum yferráðum bankans á húsnæði fyrir starfsemina. Einnig liggur fyrir að í útibúi Landsbankans hf. í Austurstræti eru öryggisverðir sem eru starfsmenn Securitas hf. á grundvelli samnings milli þess fyrirtækis og bankans. Þá verður ráðið að hlutverk þeirra sé að vera með fasta viðveru í húsnæðinu, gæta að almennum öryggi, vera til taks ef eitthvað óvænt gerist o.fl., eins og almennt á við um störf öryggisvarða, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997 um öryggisþjónustu. Af framburði brotaþola og vitnisins B verður ráðið að við það sé miðað í bankanum að starfsfólk, þar með talið öryggisverðir Securitas, eigi þegar þannig háttar til að vekja athygli þess sem gerist brotlegur gegn myndatökubanni á því að bannað sé að mynda, auk þess sem biðja eigi viðkomandi um að láta af myndatöku. Þá verður einnig ráðið af framburði þeirra beggja að ekki séu sérstakar skriflegar reglur um hvernig eigi að bregðast við ef sá sem myndar inni í bankaútibúi óhlyðnast og hættir ekki að taka myndir þar inni. Í því sambandi eigi hins vegar við almenn

viðmið, nánar tiltekið að reyna eigi að leysa slíkt í góðu, veita leiðbeiningar, vísa hinum brotlega út, en að öðrum kosti eigi að kalla til lögreglu. Ávallt eigi að gæta meðalhófs. Almennt sé ekki gert ráð fyrir valdbeitingu öryggisvarðar en hún geti hins vegar átt við þegar sérstaklegur stendur á og hætta steðjar að, svo sem til að verjast árás, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir liggur að ákærði og D fóru umræddan dag í aðalútibú Landsbankans hf. í Austurstræti í þeim tilgangi að reyna að fá viðtal við bankastjóra eða yfirlögfræðing. Höfðu þeir með sér búnað til myndatöku o.fl. Þá liggur fyrir að D var með kveikt á myndupptökubúnaði í farsíma þegar þeir gengu inn í anddyri og sal útíbúsins, svæði sem eru opin almenningi, og var meðal annars tekin mynd af brotþola í móttöku bankans þar sem hann var að sinna starfi sínu sem öryggisvörður. Ákærði hefur lagt myndupptökuna fram við meðferð málsins fyrir dómi og er hún með hljóði. Samkvæmt upptökunni liggur fyrir að merki um myndatökubann var sýnilegt á innri hurð í anddyri á gönguleið ákærða og D inn í bankaútibúinu. Einnig liggur fyrir samkvæmt sömu upptöku, og samrýmist auk þess skýrslu ákærða og brotþola fyrir dómi, að brotþoli upplýsti ákærða og D munnlega og endurtekið um bannið og bað um að myndatöku yrði hætt þegar hann varð þess áskynja að D var að mynda inni í útibúinu. Þessu til viðbótar ber myndupptakan greinilega með sér að D hélt áfram að mynda þrátt fyrir skýrar beiðnir brotþola um að því yrði hætt. Að þessu virtu brást brotþoli, sem öryggisvörður í bankaútibúinu, rétt við í viðleitni sinni til að framfylgja banninu. Í ljósi þess að ákærði og D voru greinilega saman í för og hinn síðarnefndi beindi upptökutæki að brotþola á sama tíma og ákærði talaði við hann, auk þess sem ákærði hélt sjálfur á hljóðnema og gerði ekkert til að stöðva upptöku D, er ekki ástæða til að greina sérstaklega á milli háttsemi þeirra tveggja eins og hún birtist brotþola í aðdraganda umræddra atvika.

Þegar farið er nánar yfir það hvernig brotþoli brást við og framfylgdi banninu verður ekki framhjá því litið að hann var búinn að banna myndatökuna endurtekið munnlega. Hann fylgdi síðan banninu eftir með því að taka símann með handafli af D á meðan hann var enn að mynda og í framhaldinu leitaðist hann við að slökkva á upptökunni. Myndupptakan virðist þá hafa rofnað. Það að taka símann af D með þessum hætti við þessar aðstæður var í eðli sínu valdbeiting. Brotþoli gaf þær skýringar fyrir dómi að hann hefði í umrætt skipti verið að framfylgja umræddu banni þar sem D og ákærði hefðu ekki hlýtt fyrir mælum hans. Því til viðbótar verður ráðið af framburði brotþola að ástæðan hafi einnig verið sú að hann hafi ekki kært sig um að vera sjálfur í myndupptöku og jafnvel eiga það yfir höfði sér að myndefni af honum kynni að fara í dreifingu á samfélagsmiðlum. Réttarvarsla brotþola í þágu bankans virðist þannig hafa runnið saman við persónulega afstöðu hans um að hann þyrfti ekki

að þola umrædda myndatöku. Þótt myndataka sem þessi sé hvítleið og hafi það yfirbragð að vera áreitni verður hún almennt ekki skilgreind sem brot á lögum nema meira komi til. Þá verður ekki séð að hún hafi verið til þess fallin að skapa óróa eða hættu, eins og atvikum var háttað. Að þessu virtu verður ekki séð að sérstök þörf hafi verið á því að taka símann með valdi af D í stað þess að fylgja honum og ákærða út eða kalla til lögreglu. Er það því mat dómsins að brotþoli hafi í umræddum samskiptum við ákærða og D, frá þeim tímapunkti þegar hann tók símann af hinum síðarnefnda og gekk með tækið áleiðis út, eigi gætt þess nægjanlega að fylgja almennum starfsreglum öryggisvarðar í bankanum um hvernig eigi að bregðast við atvikum sem þessum og verður ráðið að augnabliks ákvörðun brotþola hafi leitt til fyrrgreinds frávíks.

2.

Ákærði reisir sýknukröfu sína meðal annars á því að verknaðarlýsing í ákæru sé ekki alveg rétt og/eða einstök atriði í henni séu ósönnuð. Af þessu leiðir að við úrlausn málsins þarf að fara sérstaklega yfir einstök atriði í verknaðarlýsingu.

Samkvæmt framburði ákærða og brotþola, sem á sér stoð í myndupptökum úr bankaútibúinu, er sannað að ákærði kom aftan að brotþola í anddyri útibúsins, á meðan hann hélt á fyrrgreindum síma. Samkvæmt framburði þeirra beggja, sem styðst við sömu myndupptöku, er sannað að ákærði greip um háls brotþola með því að leggja handlegginn utan um háls hans og halda honum föstum aftan frá. Samrýmist það einnig að nokkru framburði D. Við úrlausn á þessu atriði verður að líta til þess að samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa tekið brotþola „kverkataki að aftan“. Samkvæmt íslenskri orðabók Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er kverk „hálsinn framanverður, hornið milli höku og háls“. Framburður ákærða er á þá leið að hann hafi tekið brotþola hálstaki. Brotþoli bar einnig um hálstak en tók fram að ákærði hefði hert að hálsinum og takið hefði líklega náð til kverka. Hvað varðar „kverkatak“ þá bar F réttarmeinafræðingur að slíkt tak væri í raun ekki vísindalegt hugtak og verður ráðið af framburði hans að ekki sé sérstakur eðlismunur á „kverkataki“ og „hálstaki“. Þá verður ráðið af framburði hans að það sem hins vegar liggja fyrir samkvæmt matsgerð, og skipti meginmáli við úrlausn á þessu atriði, sé að þrýstingur hafi orðið gagnvart hálsi brotþola sem hafi mætt honum á báðum hliðum og við það hafi orðið felling á húðinni í miðlínunni sem samrýmist áverka á honum. Slíkt sé vel þekkt varðandi tak sem framkvæmt sé með handlegg þar sem háls fer inn í olnbogabót hjá þeim sem stendur fyrir aftan. Einnig liggur fyrir samkvæmt læknisvottorði E, sem styður einnig við matsgerð fyrrgreinds réttarmeinafræðings, að brotþoli var með mar á framanverðum hálsi. Þá hefur ákærði kannast við það með framburði sínum fyrir dómi að hafa þrengt að hálsinum. Að öllu þessu virtu þykir unnt að leggja til grundvallar að ákærði hafi tekið brotþola kverkataki að

aftan og þrengt að framanverðum hálsi hans á meðan hann dró hann út úr anddyri, eins og greinir í ákæru.

Samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru er ákærða einnig gefið að sök að hafa þrengt að öndunarvegi brotaþola samhliða því sem hann dró hann út úr anddyri með fyrrgreindum hætti. Fyrir liggur að brotaþoli hefur lýst þessu þannig að ákærði hafi hert að hálsinum og brotaþoli hafi fundið fyrir andþrengslum, verið í andnauð og verið farinn að sjá svart og missa mátt. Ákærði kannast við að hafa tekið brotaþola hálstaki, eins og áður greinir, en hann hafi hins vegar ekki leitt hugann að því hvort hann hefði teppt öndunarveginn. Væntanlega hefði hann þrengt að hálsinum en hann hefði ekki orðið var við að brotaþoli ætti erfitt með að anda. Takið hefði aðeins varað í örfáar sekúndur uns því var sleppt þegar síminn var látinn af hendi. Framburður ákærða um þetta á sér stoð í framburði D sem bar meðal annars um að hann hefði ekki orðið þess áskynja að brotaþoli væri í andnauð. Af læknisvottorði E og framburði hans fyrir dómi verður ráðið að hann telji að hætta hafi verið á köfnun vegna þrengingar á framanverðum hálsi með hættu á að barki gæti laskast. Samkvæmt framburði réttarmeinafræðings, að því er varðar þrengingu í öndunarvegi, þá er hins vegar ekkert í gögnum sem styður það. Ekki sé hins vegar unnt að útiloka einhvers konar hindrun í öndun en það styðjist ekki sérstaklega við málsgögn. Hafi brotaþoli verið farinn að „sjá svart“ þá geti það passað við hálstak sem þrengi að æðum á hálsi sem leiði til blóðflæðistruflunar. Meiri kraft þurfi hins vegar til þess að hindra öndunarveg. Að öllu þessu virtu þykir óvarlegt að leggja til grundvallar að ákærði hafi með umræddu hálstaki þrengt að öndunarvegi brotaþola. Verður hann því sýknaður af þeim hluta í verknaðarlýsingu í ákæru.

Samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru er ákærða einnig gefið að sök að hafa kastað brotaþola niður svo að hann féll niður eitt þrep í tröppunum og því næst sparkað með hægri fæti í vinstra læri brotaþola. Ákærði kannast við að hafa sleppt brotaþola úr taki þegar hann var búinn að láta af hendi umræddan farsíma og hann var kominn út fyrir anddyri. Þá kannaðist hann við að hafa ýtt við brotaþola með fætinum en það hefði hann gert þar sem hann hélt að brotaþoli ætlaði að ráðast á sig. Framburður brotaþola um þennan þátt atvika er óskýr en hann virðist muna eftir að hafa fengið högg á hnéd. Vitnið D kannast ekki við að ákærði hafi sparkað í brotaþola en hann bar um að ákærði hefði ýtt við honum með fætinum. Við úrlausn á þessum atriðum verður fyrst og fremst að styðjast við myndupptökur úr eftirlitsmyndavél bankaútibúsins. Samkvæmt þeim upptökum sleppir ákærði brotaþola úr hálstaki fyrir utan anddyrið þannig að hann virðist meðal annars lenda með hnéd á hörðu yfirborði stéttar. Þá liggur fyrir samkvæmt upptöku að ákærði virðist hafa ýtt við brotaþola með neðanverðum fæti. Myndupptakan styður því hvorki nægjanlega þá verknaðarlýsingu í ákæru að ákærði

hafi kastað brotþola niður né heldur að hann hafi sparkað í hann. Verður því að sýkna ákærða af þessum atriðum í verknaðarlýsingu í ákæru.

Hvað varðar líkamlegar afleiðingar hjá brotþola, eins og þeim er lýst í niðurlagi verknaðarlýsingar í ákæru, þá er það mat dómsins að þær liggi fyrir og séu sannaðar á grundvelli fyrrgreinds vottorðs E læknis og matsgerðar F réttarmeinafræðings, sbr. og framburð þeirra beggja fyrir dómi. Það leiðir hins vegar af því sem að framan greinir um sýknu af hluta verknaðarlýsingar í ákæru, nánar tiltekið að hafa kastað brotþola og sparkað í hann, að ekki er unnt að virða ákærða það til sakar að hafa valdið skrámunum yfir báðum hnjám brotþola.

3.

Sýknukrafa ákærða er einnig reist á neyðarvörn og neyðarrétti, sbr. 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga. Neyðarvörn er samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga lögmæt réttarvörsluathöfn einstaklings, sem felur í sér nauðsynlega beina valdbeitingu gegn manni til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás á þann sem neyðarvörnninni beitir, eða á einhvern annan mann. Þá er með neyðarrétti samkvæmt 13. gr. sömu laga átt við lögmætt réttarvörsluverk einstaklings, sem nauðsynlegt er til þess að vernda lögmæta hagsmuni hans sjálfs eða annarra fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir lögmætir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Af þessu leiðir að ekki hvílir á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis, sbr. dóm Hæstaréttar frá 2. nóvember 2000, í máli nr. 248/2000. Stendur þannig upp á ákærða við úrlausn þessa máls að sýna fram á að skilyrði neyðarvarnar eða neyðarréttar séu uppfyllt svo leiði til sýknu.

Í máli þessu liggur fyrir, eins og áður greinir, að brotþoli fylgdi ekki nægjanlega starfsreglum um hvernig hann átti að bregðast við þegar hann framfylgdi banni bankans við myndatöku. Háttsemi brotþola hvað það atriði varðar var því ólögmæt í rúmri merkingu þess hugtaks. Vernd eignarréttinda geta legið til grundvallar neyðarvarnar- eða neyðarréttarverki. Ákærði hefur borið um að hann hafi talið sig þurfa að beita brotþola líkamlegu valdi til að ná umræddum farsíma til baka og hann hafi áður verið búinn að biðja brotþola um að skila símanum en hann ekki orðið við því. Þá hafi hann horft upp á að brotþoli hafi verið að fikta í símanum og hann talið að mikilvæg gögn gætu glatast. Framburður ákærða um þetta samrýmist að nokkru framburði brotþola sem hefur kannast við að hafa synjað ákærða um að fá símann fyrir en hann væri kominn út, og þá hafi hann á sama tíma reynt að slökkva á tækinu með því að ýta á takka. Hið sama verður að nokkru ráðið af framburði D. Fyrir liggur að ákærði hvarf á brott í beinu framhaldi af atvikum og áður en lögregla kom á staðinn. Þá liggur

ekki fyrir í málinu hvaða gögn voru í raun í símanum eða hvort raunveruleg hætta væri á því að þau glötuðust þótt brotaþoli væri að eiga við símann. Ákærði verður látinn bera hallann af því. Auk þess verður við mat á fyrrgreindum atvikum að líta til þess að þau áttu sér stað á örfáum sekúndum og er því tæplega unnt að leggja til grundvallar að fullreynt hafi verið hvort brotaþoli skilaði símanum án þess að koma þyrfti til líkamlegrar valdbeitingar. Myndupptökur í málinu styðja það ekki nægjanlega að fullreynt hafi verið með vægari úrræði. Að þessu virtu verður ekki fallist á með ákærða að sýnt hafi verið fram á það að neyðarvörn eigi við í málinu og nauðsynlegt hafi verið að beita brotaþola líkamlegu valdi með þeim hætti sem gert var í umrætt skipti í stað þess að grípa til annarra vægari úrræða og/eða með vægari valdbeitingu, svo sem með munnlegri viðvörðun um að gæta að því að eyða ekki gögnum í símanum og/eða með því að grípa um handlegg hans og halda honum föstum. Þegar að þessu virtu er ekki sýnt fram á að skilyrði 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt í máli þessu og er því ekki unnt að fallast á vörn ákærða á þeim grundvelli. Þessu til viðbótar liggur fyrir að ákærði bar um að hann hefði verið yfirvegaður og rólegur þegar hann beitti brotaþola líkamlegu valdi og getur það samrýmst myndupptökum úr bankaútibúinu. Að því virtu getur 2. mgr. 12. gr. sömu laga ekki átt við um háttsemi ákærða svo leiði til sýknu.

Hvað varðar 13. gr. almennra hegningarlaga um neyðarrétt og skilyrði þess hvort hún geti átt við þá liggur fyrir að ákærði beitti líkamlegu valdi sem beindist að líkama og heilsu brotaþola. Í fræðilegri umfjöllun um neyðarrétt er almennt lagt til grundvallar að það leiði af skilyrði um verulegan verðmætamismun að hagsmunir eins og mannlíf, heilbrigði manna og velferð verði ekki skertir í skjóli neyðarréttar samkvæmt 13. gr. laganna. Ekki sé hins vegar útilokað að minni háttar líkamsmeiðsl geti fallið undir skerta hagsmuni samkvæmt lagagreininni, ef tilgangurinn er sá að bjarga miklu meiri hagsmunum, og þá fyrst og fremst í því skyni að afstýra líftjóni eða alvarlegu heilsutjóni manna. Ljóst er af atvikum málsins að engir slíkir hagsmunir gátu réttlætt háttsemi ákærða gagnvart brotaþola þannig að 13. gr. almennra hegningarlaga geti átt við. Verður því ekki fallist á sýknukröfu ákærða á grundvelli neyðarréttar.

4.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt ákæru, að frátöldum framangreindum atriðum í verknaðarlýsingu sem dómurinn hefur lagt til grundvallar að séu ósönnuð, auk afleiðinga sem verða ekki virtar honum til sakar, sbr. fyrri umfjöllun í lið IV/2. Þá er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæðis.

Brot ákærða beindist að mikilvægum verndarhagsmunum með tjóni fyrir brotapolu. Horfir þetta til refsipýngingar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að líta til þess að grófleiki verks var með meira móti og háls- eða kverkatak er almennt til þess fallið að vera hættulegt. Horfir þetta til refsipýngingar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Ákærða til málsbóta verður litið til þess að hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður gerst brotlegur við refsilög, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. laganna. Ákærði hefur til stuðnings varakröfu meðal annars byggt á því að 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 74. gr. téðra laga eigi við, sbr. fyrrgreinda umfjöllun um neyðarvörn og neyðarrétt. Á þetta verður ekki fallist. Valdbeiting ákærða gegn brotapolu var óþarflega harkaleg, ekki í nægjanlegu samræmi við tilefni og þá hefur ekki verið sýnt fram á að neyðarvörn geti átt við um háttsemi ákærða, eins og atvikum var háttað. Þá á neyðarréttur ekki við eins og áður greinir. Verndarviðleitni ákærða virðist hins vegar hafa verið undirrót eða aflvaki verknaðar þegar hann leitaðist við að endurheimta eign sína frá brotapolu og verður litið til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þessu til viðbótar verður ekki fallist á með ákærða að 4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 74. gr. sömu laga geti átt við í málinu. Í því sambandi liggur fyrir að ákærði bar meðal annars um það að hafa verið rólegur og yfirvegaður þegar hann greip til umræddrar valdbeitingar og samrýmist það myndefni í málinu. Í vörn ákærða var einnig vikið að forsögu atvika í tengslum við umrædda jörð á Snæfellsnesi og framkomu eða framgöngu stjórnenda Landsbankans hf. við ákærða o.fl. í því sambandi. Dómurinn fellst ekki á að þau atriði geti haft sérstaka þýðingu við refsiakvörðun, til mildunar, eða fyrir úrlausn málsins að öðru leyti, eins og það er vaxið. Brotapoli, sem öryggisvörður, hafði enga aðkomu að fyrrgreindum lögskiptum eða öðrum eftirmálum vegna þeirra og verður ekki samsamaður bankanum í því sambandi. Meðferð máls þessa hefur dregist hjá lögreglu og ákærvaldi af ástæðum sem eru ákærða óviðkomandi og gengur gegn málshraðareglu 2. másl. 3. mgr. 18. gr. og 2. másl. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður litið til þess við ákvörðun refsingar. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Brotapoli krefst miskabóta að fjárhæð 800.000 krónur, auk vaxta og málskostnaðar. Við úrlausn á því hvort brotapoli eigi rétt til miskabóta liggur fyrir að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Með því hefur ákærði verið fundinn sekur um að hafa valdið brotapolu líkamstjóni af ásetningi. Er því uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 36/1999. Almennt má gera ráð fyrir miska vegna líkamstjóns af

þeim toga sem hér um ræðir og hefur ekki sérstaka þýðingu í því sambandi þótt brotaþoli hafi ekki lagt fram sérfræðileg gögn til stuðnings miskabótakröfu. Fyrir liggur að grófleiki verknaðar ákærða var með meira móti. Þá verður auk þess litið til framburðar vitnisins B sem bar um að brotaþoli hefði verið miður sín eftir atvik umræddan dag og það hefði minnt B á það sem hann hefði áður séð í tengslum við eldri og ótengd atvik varðandi rán í bankanum. Samrýmist það einnig vottorði E lækis, auk skýrslu hans fyrir dómi, um andlega vanlíðan brotaþola stuttu eftir atvik. Við mat á fjárhæð bóta verður meðal annars litið til þess að ákærði hefur verið sýknaður að hluta af verknaðarlýsingu samkvæmt ákæru en rökstuðningur í greinargerð með einkaréttarkröfu tekur meðal annars til þeirra atriða. Þá hefur dómurinn einnig lagt til grundvallar að framganga brotaþola í starfi gagnvart ákærða hafi ekki að öllu leyti verið í samræmi við það sem til var ætlast. Verður að skilja varnir ákærða með þeim hætti að í raun sé krafist lækkunar á bótafjárhæð komi til sýknu á einstökum atriðum í verknaðarlýsingu ákæru eða að fallist verði að öðru leyti á varnir hans. Að þessu virtu þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Fyrir liggur að einkaréttarkrafa, dags. 27. apríl 2018, barst frá lögmanni brotaþola til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 4. maí sama ár. Að þessu virtu þykir rétt að framangreindar miskabætur beri vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Brotaþoli á tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Brotaþoli hefur til stuðnings kröfu um málskostnað lagt fram sundurliðaða vinnuskýrslu sem tekur til vinnu lögmanns hans við meðferð málsins á rannsóknarstigi og fyrir dómi, auk útlagðs kostnaðar. Ákærði hefur mótmælt málskostnaði brotaþola sem of háum. Að mati dómsins er vinnuskýrslan í meginatriðum trúverðug en málskostnaður samkvæmt skýrslunni þykir hins vegar vera of hár í almennu tilliti miðað við mál af þessum toga. Að þessu virtu þykir málskostnaður brotaþola hæfilega ákveðinn 800.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og verður ákærða gert að greiða brotaþola þann kostnað.

Þessu til viðbótar verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Þorra Viktorssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 700.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, auk 106.900 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Jónsdóttir aðstoðarsaksóknari. Af hálfu ákærða flutti málið skipaður verjandi hans, Björn Þorri Viktorsson lögmaður. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir lögmaður, fyrir hönd Torfa Ragnars Sigurðssonar lögmanns.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 23. ágúst 2019 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Kristján Örn Elíasson, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A, kt. [...], miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, auk vaxta, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 6. september 2017 til 4. júní 2018, og dráttarvaxta, samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, auk 800.000 króna í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Þorra Viktorssonar lögmanns, 700.000 krónur, og 106.900 krónur í annan sakarkostnað.

Daði Kristjánsson